

Nd.

83. Frumvarp

til laga um húsnæði í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson
og Magnús Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.

Með reglugerðinni má óheimila að leigja íbúðir eða einstök herbergi í bænum, án leyfis þar til settrar nefndar, öðrum en þeim, sem löglega dvöl hafa átt í bænum næsta ár á undan eða verið fluttir til bæjarins áður en reglugerðin öðlaðist gildi.

2. gr.

Í reglugerðinni má ákveða 200—2000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina. Skal reglugerðin endurskoðuð eigi sjaldnar en á 2 ára fresti, enda falla úr gildi, sje ný reglugerð eigi staðfest áður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjótt og búið er að setja reglugerð samkvæmt þeim, þó eigi síðar en eftir 4 vikur, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, og bera flutningsmenn það fram samkvæmt tilmælum hennar, en áskilja sjer óbundnar hendur um efni þess.

Bæjarstjórnin hefir haft húsnæðismálið í bænum til athugunar um langan tíma, og sjerstaklega það atriði, hvort ráðlegt væri að afnema húsaleigulögin. Er hún þeirrar skoðunar, að ekki geti komið til tals að afnema lögin, eins og nú horfir við, nema önnur ákvæði komi í staðinn viðvíkjandi leigu á íbúðum

og hámarki húsaleigu, og er bæjarstjórnin sammála um, að heppilegast muni að setja þessi ákvæði með reglugerð, sem breyta megi hve nær sem kringumstæður breytast og æskilegt þykir að breyta reglum um þessi atriði.

Borgarstjóri telur æskilegt, að frv. þetta gæti orðið afgreitt sem lög frá Alþingi svo fljótt, að reglugerð, sem sett yrði samkvæmt þeim, geti öðlast gildi síðari hluta marsmánaðar, þar sem hann býst við, að með reglugerðinni verði heimiluð uppsögn á húsnæði með 6 mánaða fyrirvara, en flutningsdagur er 1. október, og þyrftu því uppsagnir að fara fram fyrir 1. apríl.